

**Ed.** **198. Frumvarp til laga** [125. mál]  
um breyting á lögum nr. 33/1967, um bráðabirgðabreytingu á lögum nr. 55/1962,  
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

Frestir þeir, sem ræðir í ákvæði til bráðabirgða, breytist þannig, að ágreiningur milli aðila gangi til Kjaradóms 1. febrúar 1969 og Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefnið eigi síðar en 1. marz 1969.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ljóst er, að ekki mun takast fyrir árslok 1968 að ljúka heildarathugun á skipun starfsmanna í launaflokka, sem gert hafði verið samkomulag um milli stjórnar B.S.R.B. og fjármálaráðherra, sbr. bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 33/1967.

Því er nauðsynlegt að lengja fresti þá, sem um ræðir, um einn mánuð.

Breyting þessi er lögð til með samkomulagi aðila að samningunum.